


# HRINGVEGUR (1-K6)

## Vegur að námu í Húsaborg í Húnaþingi vestra

Kynning framkvæmda vegna könnunar á  
matsskyldu

Helga Aðalgeirsdóttir, Hafdís Eygló Jónsdóttir og  
Gunnar H. Jóhannesson



# Efnisyfirlit

1. YFIRLIT .....	2
2. STAÐHÆTTIR .....	3
3. FYRIRHUGUÐ NÁMA OG NÁMUVEGUR .....	4
4. HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF .....	6
Áhrif á mannlíf .....	6
Áhrif á landslag .....	6
Áhrif á gróðurfar og fugla .....	6
Áhrif á menningarminjar .....	7
5. LAGNIR Í GRENND VIÐ FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ .....	8
6. LEYFISVEITENDUR OG SAMRÁÐSAÐILAR .....	10
7. FRÁGANGUR .....	11
8. HEIMILDIR .....	12
9. TEIKNINGAR .....	12



**Mynd 1.** Horft frá Hringvegi við vegamót Víðidalsvegur vestri (715) til norðurs í átt að Húsaborg (Ljósmynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir, apríl 2010).

## 1. YFIRLIT

Vegagerðin fyrirhugar að opna nýja efnisnámu fyrir klæðingarefni í Húsaborg í landi Auðunarstaða í sveitarfélaginu Húnaþingi vestra í Vestur-Húnavatnssýslu. Í tengslum við námuvinnsluna þarf að leggja nýjan, um 1,1 km langan, námuveg (teikning 1).

Á næstu árum þarf víða að breikka Hringveginn í Húnavatnssýslum. Framkvæmdir munu hefjast sumarið 2010 en þá er fyrirhugað að styrkja, breikka og leggja nýja klæðingu á um 10 km langan kafla. Jarðfræðideild Vegagerðarinnar hefur því kannað svæði í grennd við Hringveginn um Víðidal m.t.t. efnisvinnslu á klæðingarefni. Við rannsóknir kom í ljós að í Húsaborg í landi Auðunarstaða, vestur af veitingaskálanum Víðigerði, er að finna gott klæðingarefni.

Stefnt er að því að nýta klæðingarefni úr námu í Húsaborg á um 60 km löngum kafla á Hringvegi í Húnavatnssýslum. Áætluð efnistaka úr námunni sumarið 2010 er 1.500 m<sup>3</sup> en til næstu framtíðar er áætlað að taka um 45.000 m<sup>3</sup> af efni á um 4.500 m<sup>2</sup> svæði og líklega verður lítilsháttar af efninu nýtt í burðarlag vega næst námunni.



**Mynd 2.** Horft til norðurs í átt að Húsaborg (Ljósmynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir, nóvember 2008).

Framkvæmdin telst ekki matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, en náman getur nýst til efnistöku á klæðingarefni og lítilsháttar af burðarlagsefni, í rúm 20 ár, eða þar til sá efnistökuastaður sem afmarkaður er á teikningum er uppurinn. Áætlanir eru um að efni úr námunni nýtist fyrst og fremst sem klæðingarefni við viðald á Hringveginum á um 60 km löngum kafla. Efnið mun einnig nýtast við lagningu bundis slitlags og til viðgerða á klæðingu á öðrum vegum í allt að 20 km fjarlægð.

Nýr námuvegur, 6 m breiður, mun á kafla liggja yfir votlendi sem er stærra en 3 ha, en það nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Votlendinu hefur þegar verið raskað að hluta með slóðagerð og framræsluskurðum.

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum 106/2000, viðauka 2. 10.c, því nýr námuvegur raskar votlendi sem er stærra en 3 ha.

## 2. STADHÆTTIR

Víðidalur liggur milli Vesturhóps, Línakradals og Miðfjarðar að vestan og Vatnsdals að austan. Austan að dalnum er Víðidalsfjall en austurbrún Miðfjarðarháls að vestan. Víðidalur er grösugur og búszældarlegur. Um hann norðanverðan eru melhjallar með hlíðum, gamlir sethjallar, myndaðir við sjávarstönd, enda gekk sjór langt inn í dalinn á ísöld. Um dalinn fellur Víðidalsá (Tómas Einarsson og Helgi Magnússon, 1989).

Auðunarstaðir eru í Víðidal (teikning 1). Auðun skökull Bjarnarson byggði þar fyrstur og nam Víðidal. Afi hans var Hunda-Steinar, jarl í Englandi, og langafi Ragnar Loðbrók. Auðun var langafi Ástu, móður Ólafs helga, Noregskonungs. Dóttir Ólafs helga giftist Ordulf, hertoga af Brúnsvík. Enska konungsfjölskyldan á ættir til hans að rekja. Í landi Auðunarstaða er félagsheimilið Víðihlíð (1938), sem var stækkað og endurvígt 1961, veitingahús og ferðamannaverslun. Konur í héraðinu hafa aðstöðu í Víðihlíð, saumastofu í kjallara og sölu alls konar ullarfatnaðar og minjagripa í sal hússins á sumrin ([www.nat.is](http://www.nat.is)). Einnig er tréútskurðarverkstæði í Víðigerði.

Víðidalur afmarkast á kafla af Auðunarstaðahálsi, sem liggur norður-suður í vestanverðum dalnum. Hringvegurinn liggur í vesturhlíð hálsins en vestan Hringvegarins, ofan á hálsinum, eru nokkrar borgir, sem setja mikinn svip á landslagið. Húsaborg er ein af þeim borgum.

Húsaborg er kennileiti í landslaginu. Borgin er með bröttum, nær ógrónum hlíðum en ofan á henni eru tvö gróin svæði. Í miðju syðra svæðisins er grunn tjörn, en í hinu svæðinu er grunn mýrarsund sem skiptir borginni nánast í tvennt. Votlendið og tjörnin hafa myndast í lægðum ofan á borginni þar sem regnvatn safnast saman.

Norðan Húsaborgar er skarð sem byggðalína Landsnets liggur um. Frá Hringvegi liggja tveir slóðar upp í skarðið. Annar slóðinn, sem er línuvegur, liggur að hluta í landi Galtarness. Hinn slóðinn liggur upp frá Víðigerði, fast upp við húsin norðan til. Báðir slóðarnir liggja að hluta til yfir votlendi en línuvegurinn þó minna.

Austan við Húsaborg er talsvert af votlendi, þó stefnir þurr en brattur rimi til norðausturs út frá borginni áleiðis niður að Hringvegi.

Allt svæðið vestan Hringvegar sem er í landi Auðunarstaða er innan samningssvæðis við Norðurlandsskóga. Húsaborg er þó undanskilin. Útplöntun á svæðinu hófst árið 2005.

Á svæðinu er í gildi Aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014 sem var staðfest 9. júlí 2002. Þar er svæðið umhverfis Húsaborg skilgreint sem landbúnaðarsvæði og ekki gert ráð fyrir námu. Skógræktarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á skipulagsupprætti. Mögulegt er að breyta þurfi aðalskipulagi sveitarfélagsins í samræmi við nýja efnistöku.

Í aðalskipulaginu segir um efnistöku úr þeim námum sem skilgreindar eru í aðalskipulaginu: „Námuréttarhafa er skylt að vinna áætlun um efnistöku og sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar fyrir notkun þeirra skv. 27.gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/97 og lög nr. 44/99 um náttúruvernd. Leita skal umsagnar [Umhverfisstofnunar] og náttúruverndarnefndar í héraði áður en framkvæmdaleyfið er gefið út. Sett eru skilyrði um umgengni og frágang að lokinni vinnslu. Samkvæmt lögum nr. 57/98 er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða þjóðlöndum með þeim undantekningum sem löggin tilgreina.

Samkvæmt 49.gr. laga nr. 44/99 um náttúruvernd skal efnistökusvæði ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. [Umhverfisstofnun] getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni stöðvun“ (Landmótun, 2002).

Ekkert svæði á Náttúruinjasrá er grennd við Húsaborg. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á gróðurfari, dýralífi eða fornleifum á svæðinu.



### 3. FYRIRHUGUÐ NÁMA OG NÁMUVEGUR

Á næstu árum þarf að breikka Hringveginn víða á Norðurlandi vestra, m.a. á um 60 km löngum kafla um miðbik Húnavatnssýslu. Klæðingarefnisnámur í grennd við Hringveginn, þar sem hann liggur um Húnavatnssýslu eru Bláhæðarnáma á Holtavörðuheidi og Neðri – Mýrar við Þverárfjallsveg. Um 62 km eru frá Víðigerði að Bláhæðarnámu og um 50 km að Neðri – Mýrum. Þessi langa leið veldur miklum flutningskostnaði, og er því mikilvægt að opna nýja klæðingarefnisnámu á milli þeirra.

Jarðfræðideild Vegagerðarinnar hefur skoðað efnistökmöguleika í Víðidal og tekið sýni til efnisrannsókna. M.a. voru tekin sýni úr Húsaborg sem er í landi Auðunarstaða, vestan Hringvegar, beint vestur af veitingaskálanum Víðigerði. Við rannsóknir hjá Nýsköpunarmiðstöð kom fram að í námunni er mjög gott efni til klæðingar og að steinefnið úr Húsaborg hentar í vegi með ÁDU >2000 bílar á dag. Í desember 2008 skilaði Jarðfræðideild Vegagerðarinnar greinargerð um efnisrannsóknir í Húsaborg og er hún meðfylgjandi sem fylgiskjal.

Í kjölfarið hafa starfsmenn Vegagerðarinnar haft samráð við landeigendur, ábúendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar um efnistöku úr Húsaborg og staðsetningu námuvegar.

Leggja þarf nýjan, um 1,1 km langan, námuveg að fyrirhuguðu efnistökusvæði í Húsaborg. Í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun var tekin ákvörðun um að nýta ekki þá slóða sem þegar liggja frá Hringvegi að skarði norðan við námuna. Þeir eru báðir lélegir og þyrfti að endurbyggja. Annar slóðinn liggur við hlaðið á Víðigerði og umferð um hann hefði slæm áhrif á atvinnurekstur þar auk þess sem þar eru margar vegtengingar fyrir. Hinn slóðinn er nýttur sem línuvegur, liggur að hluta til í landi Galtarness, sem er næsti bær og er mjög brattur, eða með mest 13% halla og því óhæfur til efnisflutninga.

Gert er ráð fyrir að námuvegurinn liggja frá Hringvegi skammt norðan Víðigerðis (um 250 m) (teikning 2). Námuvegurinn verður 6 m breiður, í að meðaltali 1,0 m hæð yfir landi. Halli á vegfláum verður 1:2,5. Á veginum verða útskot í grennd við stöð 400 og 700, til að auðvelda stórum bílum að mætast. Mesti halli á veginum verður 9,1%, hámarkshraði er miðaður við 30 km/klst. Grunn, 2 m breið vatnsrás verður ofan vegar þar sem hann liggur í skeringu. Ræsi verða staðsett þar sem eru farvegir og þar sem hætta er á að vatn geti lokast af ofan vegar. Þau verða við stöðvar 17, 135, 180, 420, 650 og 890. Þvermál þeirra verður 0,5-0,9 m.

Efnisþörf fyrir nýjan námuveg er um 10 þús. m<sup>3</sup>. Efni í hann verður tekið úr opinni námu í Galtarnesi (teikning 1), og úr skeringum. Náma í Galtarnesi er ekki á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014. Úr námu koma um 9.000 m<sup>3</sup> og um 1.000 m<sup>3</sup> úr skeringum. Við enda námuvegarins verður efnisvinnsluplan sem verður 6.400-10.000 m<sup>2</sup> að stærð (teikning 3). Efni í það verður tekið úr námu í Galtarnesi og er efnisþörfin um 3.000-5.000 m<sup>3</sup>.

Svæðið sem námuvegurinn liggur um er nýtt til hrossabeitar og skógræktar. Við hönnun og staðsetningu vegarins var reynt að raska votlendi sem minnst. Hann verður þó lagður um votlendi á 140 m kafla. Reynt var að gera veginn sem minnst áberandi í landslaginu, með því að láta hann hlykkjast um það. Fyrstu 220 m liggja um svæði þar sem búið er að gróðursetja. Eftir það liggur leiðin um svæði þar sem áætlanir eru um skógrækt. Við skoðun á loftmynd virðist gróður á því svæði fremur rýr.

Vegagerðin hefur áætlanir um að vinna efni úr námunni þar til sá efnistökuastaður sem afmarkaður er á teikningum er uppurinn. Áætlanir eru um að taka um 1.500 m<sup>3</sup> af klæðingarefni fyrsta árið og síðan um 2.000 m<sup>3</sup> á ári í rúm 20 ár, eða samtals 45.000 m<sup>3</sup>. Mikilvægt er að vanda staðsetningu og ásýnd efnistökusvæðisins, því áætlanir eru um að nota námuna í rúm 20 ár.

Við efnistöku verður lögð áhersla á að halda núverandi ásýnd borgarinnar óbreyttri, séð frá Hringveginum um Víðidal. Efnistaka verður frá suðvestri til norðausturs (teikning 3) og öll innan núverandi jaðars borgarinnar. Við efnistöku verður fylgt útlínunum þeirrar jarðmyndunar sem efnið er tekið úr. Þess verður gætt að fara ekki of djúpt í námuna. Námustálið verður að meðaltali 10 m hátt. Lægra við námuopið en hærra innst, eða allt að 12-15 m hátt. Námubotninn verður látinn halla í átt að námuopinu, þannig að vatn renni út úr námunni.

Aðstaða til mölunar, 6.400-10.000 m<sup>2</sup> að stærð, verður staðsett á sléttu holti suðvestan við borgina (teikning 3). Með því að hefja efnistöku í suðvestur hluta borgarinnar, þar sem grunnt mýrarsund skiptir borginni, er hægt að halda sjónrænum áhrifum efnistökkunnar í lágmarki. Vinnsla og haugsetning efnis verða nánast í hvarfi frá alfaraleið.

Fyrirhugað er að taka 45.000 m<sup>3</sup> af efni á 4.500 m<sup>2</sup> svæði. Efnisvinnsla á svæðinu verður ekki stöðug, heldur mun fara fram af og til á nýtingartíma námunnar. Unnið efni verður geymt í haugum svo hægt sé að nálgast efnið á auðveldan hátt þegar þörf krefur.

Við frágang vegsvæðis og námu verður reynt að aðlaga framkvæmdir sem best að landi (kafli 6). Þegar efnistöku lýkur verður landslagið breytt, með geil í vestanverða Húsaborg. Námustálið mun standa eftir í landslaginu en lítið sem ekkert sjást frá nærliggjandi byggð.



**Mynd 3.** Horft eftir Hringvegi til norðurs í átt að Víðigerði. Húsaborg sést ekki frá þessu sjónarhorni (Ljósmynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir, apríl 2010).

## 4. HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF

Vegagerðin lagði mat á hvort líklegt væri að efnistaka í Húsaborg myndi hafa veruleg áhrif á umhverfið. Þar sem um er að ræða umfangslitla framkvæmd og efnistaka er ekki mikil telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg. Hér á eftir eru taldir upp helstu umhverfisþættir sem framkvæmdaraðili telur líklegast að orðið geti fyrir áhrifum af framkvæmd og starfsemi.

### Áhrif á mannlíf

Náman verður í a.m.k. 600 m fjarlægð frá veitingaskálanum að Víðigerði, sem er sú bygging sem er næst henni. Efnisvinnsla á svæðinu verður ekki stöðug, heldur mun fara fram af og til, í a.m.k. 20 ár, í samráði við landeigendur og ábúendur á svæðinu. Á meðan efnisvinnslu stendur verða þeir sem dvelja á svæðinu varir við hana vegna hávaða og ryks. Þó mun hávaði við Víðigerði verða innan viðmiðunarmarka í Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Húsaborg verður á milli Víðigerðis og námunnar og mun skýla fyrir hávaða og sjónrænum áhrifum. Við flutning efnis til vegagerðar, eykst umferð þungra bíla um Hringveginn. Um er að ræða tímabundin og staðbundin áhrif.

### Áhrif á landslag

Vegagerðin telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði á landslag. Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins flokkast sem samsett landslag skv. skilgreiningu í leiðbeiningarriti um námur, efnistöku og frágang. Þar kemur fram að þar sem landslag er fjölbreytt að lögun geti verið tiltölulega auðvelt að fella efnistökusvæði aftur að nánasta umhverfi (Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun o.fl., 2002). Vegagerðin mun við vinnslu efnisins og staðsetningu efnishaugs og lagningu námuvegjar hafa það að markmiði að framkvæmdasvæðið sjáist sem minnst frá nálægum vegum og bæjum. Við frágang svæðisins verður reynt að aðlaga það sem best að landi. Áhrif námuvinnslunnar og námuvegjarins á landslagið verða staðbundin. Á næstu áratugum mun landslagið á svæðinu breytast vegna skógræktar.

### Áhrif á gróðurfar og fugla

Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Á svæðinu eru áætlanir um skógrækt og hefur verið plantað í hluta þess. Samtals verður 22.700 m<sup>2</sup> (2,3 ha) af grónum svæðum raskað, mælt af loftmynd. Við námuvinnslu og gerð vinnsluplans munu allt að 8.000 m<sup>2</sup> af grónu landi hverfa. Þar af raskast 830 m<sup>2</sup> af votlendi, grunnu mýrarsundi, sem myndast hefur í lægð ofan á Húsaborg. Við lagningu námuvegjar munu 10.600 m<sup>2</sup> af grónu landi hverfa undir veg. Að auki mun námuvegurinn raska 4.100 m<sup>2</sup> svæði með skógarplöntum, í grennd við Hringveginn. Á sama svæði verður votlendi raskað á kafla.

Í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um endurheimt votlendis segir: *“Vegur sker hallamýri (talsverð hreyfing á vatni undan halla, meginrask verður neðan vegar): Vegur sker ofan miðju votlendis: raskað svæði er 150 m breitt => heildarlengd vegar er margfölduð með 150.”* (Umhverfisstofnun, 2006). Samkvæmt útreikningum Vegagerðarinnar mun námuvegur liggja um og í jaðri votlendis á 140 m kafla. Því geta 2,1 ha (21.000 m<sup>2</sup>) af votlendi raskast vegna vegjarins.

Áætlanir eru um gróðursetningu skógarplantna á svæðinu í kringum Húsaborg, sem mun hafa áhrif á gróður og fugla í framtíðinni.

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur, vegna umferðar og hávaða. Við frágang verða svæði sem raskast meðfram vegi grædd upp og votlendi endurheimt. Reiknað er með að áhrif á gróður og fuglalíf verði óveruleg.

### **Áhrif á menningarminjar**

Við gerð aðalskipulags og skógræktaráætlunar var ekki gerð fornleifaskráning á svæðinu. Í Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 kemur fram að Auðunn skökull nam Víðidal og bjó á Auðunarstöðum. Þar kemur einnig fram að engar friðlýstar fornleifar eru nágrenni námunnar eða námuvegarins (Landmótun, 2002).

Áður en framkvæmdir á svæðinu hefjast verður kannað hvort fornleifar finnast á svæðinu. Vegagerðin hefur haft samband við Minjavörð Norðurlands vestra og er hann tilbúinn til að ganga veglínuna og skoða námusvæðið.

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu eða á námusvæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Norðurlands vestra um aðgerðir.



## 5. LAGNIR Í GRENND VIÐ FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

Í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði eru 132 kV Byggðalína Landsnets og tveir háspennustrengir frá Rarik. Símastrengur frá Mílu er austan Hringvegjar og utan mögulegs framkvæmdasvæðis (teikning 2).

Byggðalínan liggur í skarði norðan við Húsaborg. Annar háspennustrengurinn frá Rarik liggur í skarði sunnan við borgina en hinn austan við Húsaborg. Við hönnun og staðsetningu námuvegjar hefur verið miðað við að raska ekki viðkomandi lögnum.



**Mynd 4.** Horft eftir Hringvegi, frá heimreið við Brautarland, til suðvesturs í átt að Húsaborg, sem sést ekki frá þessu sjónarhorni. Byggðalína Landsnets til hægri á mynd (Ljósmynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir, apríl 2010).

**Helgunarsvæði** Byggðarlínu Landsnets er á bilinu 35-45 m, eða 17,5-22,5 m frá miðju línunnar. Innan þess svæðis þarf að hafa náið samráð við Landsnet um útfærslu vegar. Allar hugsanlegar **þveranir** veglínu undir háspennulínuna kalla einnig á náið samráð, horn þverunar er mjög mikilvægt og ekki má hækka yfirborð jarðar undir háspennulínunum án náins samráðs við Landsnet. Forðast ber efnistöku nálægt undirstöðum mastra. Lögð er áhersla á **aðgengi** starfsmanna Landsnets að háspennulínunni. Allur **kostnaður** vegna hugsanlegra breytinga á línunni vegna vegalagningarinnar mun falla á Vegagerðina. Þeir sem standa fyrir **verklefum framkvæmdum** nálægt háspennulínunum þurfa að gæta ítrustu varúðar og virða reglur um fjarlægðarmörk í hvívetna. Vegagerðin verður að tryggja að verktakar kynni sér ákvæði Rg. 586/2004 og þeirra fjarlægðarmarka sem hún vísar til (IST EN 50341 -1:2001 og ísl. viðaukanum EN - 50341-3-12:2001). Sérstakrar varúðar þarf að gæta ef unnið er með háreist tæki. Ákvæði reglugerðarinnar þurfa að koma fram í hönnunargögnum. Ekki er heimilt að hefja vinnu innan helgunarsvæðis háspennuvirkis í rekstri nema fyrir liggja heimild frá Landsneti.

Miðlína námuvegjarins er hvergi nær miðlínu Byggðalínunnar en 27 m en framkvæmdasvæðið vegna hans getur á stuttum kafla, í grennd við stöð 700, náð inn á helgunarsvæði línunnar.

Reglur um fjarlægðarmörk fyrir háspennustrengi í jörðu eru ekki jafn skýrar og þær sem gilda fyrir háspennulínur. Engu að síður er nauðsynlegt að umgangast strengina með aðgát og varast að grafa nálægt þeim. Algengt viðmið er að hvorki megi grafa né byggja í eins og hálf

metra fjarlægð, sitt hvoru megin við ysta streng en það getur þó farið eftir aðstæðum á hverjum stað. Mjög mikilvægt er að fara að með gát nálægt jarðstrengjum til að fyrirbyggja slys og til að tryggja að ekki verði rekstrartruflanir á flutningskerfinu. Áður en farið er í framkvæmdir er því mikilvægt að gengið sé úr skugga um legu jarðstrengja. Lega háspennustrengja utan þéttbýlis er merkt með hælum sem á eru viðvörðunarkerki. Í jörðu eru lagðir viðvörðunarkerki sem gefa til kynna hættulega nálægð við strengi. Ef lega háspennustrengs er óljós skal hafa samband við viðkomandi dreififyrirtæki sem getur sónað og staðsett strengi nákvæmlega (Landsnet, 2007).

Vegagerðin hefur fengið upplýsingar frá Rarik um legu háspennustrengs (teikning 2). Námuvegur mun þvera háspennustrenginn við stöð 630 og verða þar að mestu á fyllingu.

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á Byggðalínuna og háspennustreng Rarik. Í hönnunargögnum verður bent á nálægð raflína við framkvæmdasvæðið. Haft verður samráð við Rarik vegna framkvæmda í grennd við háspennustreng. Leitað verður heimilda hjá Landsneti til að vinna innan helgunarsvæðis raflínunnar og farið eftir reglugerðum og leiðbeiningum Landsnets.



**Mynd 5.** Horft eftir Hringvegi, frá heimreið við Galtarnes, til suðvesturs í átt að Húsaborg (Ljósmynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir, apríl 2010).

## 6. LEYFISVEITENDUR OG SAMRÁÐSAÐILAR

Við undirbúning framkvæmdarinnar hafa starfsmenn Vegagerðarinnar haft samráð og leitað upplýsinga hjá ýmsum aðilum um fyrirhugað framkvæmdasvæði. Má þar nefna: landeigendur, ábúendur, fulltrúa Umhverfisstofnunar, fulltrúa Norðurlands-skóga, Minjavörð Norðurlands vestra og starfsmann Rarik á Norðurlandi vestra.

- Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Húnaþings vestra. Þar sem námur í Húsaborg og Galtarnesi eru ekki á aðalskipulagi er óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar.
- Mögulega þarf að breyta Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 í samræmi við nýja efnistöku.
- Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).
- Öll efnistaka lausra jarðlaga er háð lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, gr. 45-49. Einnig gilda um efnistöku á landi lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörð.
- Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu eða á námusvæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Norðurlands vestra um aðgerðir.
- Samkvæmt Skógræktarlögum nr. 3/1955 (II. kafli, 6. gr.) um meðferð skóga og kjarrs má ekkert svæði rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra og þá því aðeins að grætt verði upp að nýju jafnstórt svæði.
- Samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965, 17. gr. þarf sá sem veldur landsþjöllum, með mannvirkjagerð eða á annan hátt, að bæta þau. Í 18. gr. kemur m.a. fram að Landgræðslan eigi að segja fyrir um hvernig þau skuli bæta.
- Í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, 37. grein, kemur fram að mýrar eða flóar, 3 ha að stærð eða stærri njóti sérstakrar verndar og skuli forðast röskun þeirra eins og kostur er. Ákvörðun um hvar megi endurheimta votlendi í stað þess votlendis sem tapast við framkvæmdina er í höndum Umhverfisstofnunar.
- Þar sem veglína skarast við helgunarsvæði háspennulínu þarf náíð samráð við Landsnet um útfærslur. Ekki má hefja vinnu innan helgunarsvæðis háspennuvirkis í rekstri nema fyrir liggja heimild frá Landsneti.
- Samráð verður haft við Rarik vegna framkvæmda í grennd við háspennustreng.

## 7. FRÁGANGUR

Í hönnunargögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga og skeringa vegna námuvegar. Vegskeringar verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri, þar sem hann er til staðar.

Frágangi á vegskeringum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þær verða sléttaðar vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Aðlaga þarf brúnir vegskeringa að landinu í kring, svo þær verði ekki eins áberandi. Sáð verður í vegkanta þar sem við á.

Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við veg- og námusvæðið og verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan veg- og námusvæðis á verktíma.

- Endurheimt verður jafnstórt votlendi og raskast við framkvæmdina, þ.e. 2,1 ha vegna námuvegar og 0,1 ha vegna námu, samtals 2,2 ha. Landeigendur Auðunarstaða eru jákvæðir gagnvart endurheimt í þeirra landi. Mögulegt er að endurheimta votlendi með því að fylla eða stífla skurði í grennd við Húsaborg eða skurði í nágrenni Víðidalsár. Endurheimt votlendis verður í samráði við landeigendur, Umhverfisstofnun, sérfræðing um endurheimt votlendis og viðkomandi sveitarstjórn.
- Aflað verður leyfis hjá skógræktarstjóra til að raska skógræktarsvæði. Við framkvæmdir verður reynt að skerða svæði með skógarplöntum sem minnst og landeiganda boðið að færa þær plöntur sem lenda undir námuvegi. Haft verður samráð við landeigendur og Skógrækt ríkisins um aðgerðir til að bæta fyrir þær plöntur sem tapast.
- A.m.k. jafn mikið gróðurlendi og raskast við framkvæmdina verður grætt upp. Haft verður samráð við landeigendur og Umhverfisstofnun um uppgræðsluna.

## 8. HEIMILDIR

1. Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfisráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins, 2002: Námur, efnistaka og frágangur. Reykjavík, 75 bls.
2. Landmótun, 2002: Húnaþing vestra, Aðalskipulag 2002-2014. Greinargerð, 7. maí 2002. Lagfært 22. júní 2002. Kópavogur, 66 bls.
3. Landsnet, 2007: Háspennulínur – aðgát skal höfð. Reykjavík, 16 bls.
4. Náttúruminjaskrá, 2010: Heimasíða Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is) apríl 2010.
5. Tómas Einarsson og Helgi Magnússon, 1989: Íslands handbókin, náttúra, saga og sérkenni. Örn og Örlygur, Reykjavík.
6. Umhverfisstofnun, 2006: Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á röskun og endurheimt votlendis. Bréf dags. 12. janúar 2006. Reykjavík, 4 bls.

## 9. TEIKNINGAR

- Teikning 1. Vegagerðin, (2010): Grunnmynd, afstöðumynd, mkv. 1:20.000
- Teikning 2. Vegagerðin, (2010): Grunnmynd, námuvegur og náma, mkv. 1:5.000.
- Teikning 3. Vegagerðin, (2010): Grunnmynd, náma í Húsaborg, mkv. 1:1.500.